Val verndarsvæða í hafi: hvernig BioProtect getur stutt við það ferli.

Hafrannsóknastofnun, Fornubúðum 5, 220 Hafnarfirði

4. nóvember 2026, kl. 13:15–16:00

Málstofa

Ísland hefur skuldbundið sig til að vernda, stýra og vakta að minnsta kosti 30% af hafsvæðum fyrir 2030. Hafrannsóknastofnun hefur það hlutverk að veita ráðgjöf til stjórnvalda um svæði til verndar. En hvernig á að finna slík svæði? Í gegnum BioPrtotect verkefnið er unnið að því að hanna og prófa aðferðir og tól til að svara því.

BioProtect er fjármagnað af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins undir verkefnaáherslu (EU Missions): „Endurheimt hafs og vatna“ (Restore our Ocean and Waters). Markmið BioProtect er að þróa leiðir og aðferðir til hraða árangursríkri vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni í vistkerfum hafs og stranda.

Eitt helsta tólið sem þróað hefur verið innan BioProtect er skipulagsvefsjá **BioProtect Marine Planner** sem ætlað er að aðstoða við val svæða. Gögn um líffræðilega fjölbreytni, athafnir manna og verndarmarkmið eru tekin saman sjónrænt svo auðvelt er að átta sig á samhengi milli þeirra. Skipulagsvefsjáin getur metið og lagt til forgangssvæði.

Á þessari málstofu verður farið yfir mikilvægi verndar, ráðgjöf að svæðisvernd kynnt, farið yfir hlutverk og markmið BioProtect verkefnisins og hvernig verkefnið styður við slíkt ferli. Dr. Oisín Callery frá Háskólanum í Galway á Írlandi mun svo kynna BioProtect Marine Planner.

Dagskrá

Tími	**Erindi**
13:15–13:30	**Christophe Pampoulie**, Hafrannsóknastofnun Setning og inngangur
13:30–14:00	**Steinunn Ólafsdóttir**, Hafrannsóknastofnun Umgjörð verndarsvæða í hafi við Ísland
14:00–14:30	**Julian Burgos**, Hafrannsóknastofnun Kortlagning líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu við Ísland: aðferðir BioProtect
14:30–14:50	**Kaffihlé**
14:50–15:20	**Oisín Callery**, Háskólinn í Galway BioProtect Marine Planner, skipulagstól fyrir hafsvæði
15:20–16:00	**Christophe Pampoulie** Almennar umræður og fundarslit

PART OF THE EU MISSIONS RESTORE OUR OCEAN & WATERS

Funded by the European Union